Það sem ég hefði viljað vita fyrr / A message to my younger self

10mín+. Verkefni fyrir 10. bekk og nemendur í framhaldsskóla.
Athugið að þetta verkefni er hægt að vinna bæði eitt og sér en einnig strax í kjölfarið á verkefninu *Dæmi um ofbeldi: umræður við ungmenni*.
Markmiðið er að fá nemendur til að hugsa um það sem þau hafa lært um heilbrigð og óheilbrigð sambönd, mörk og samskipti og koma því á framfæri, með eigin orðum. Sumir nemendur hafa setið margar fræðslur og búa þannig yfir ákveðinni þekkingu og jafnvel lífsreynslu um þetta málefni. Hugmyndin með verkefninu er að þau fái að miðla þessari þekkingu áfram með eigin orðum, til yngri einstaklinga, með því að skrásetja hluti sem þau hefðu sjálf viljað vita fyrr.

Gögn:

Veggspjaldið *Það sem ég hefði viljað vita fyrr / A message to my younger self*
Skriffæri
Kennaratyggjó eða annað til að festa veggspjaldið á vegg

Sýnið nemendum veggspjaldið eftir að þau hafa fengið Sjúkást fræðslu. Látið þau vita að þetta verkefni er fyrir eldri nemendur og mun hanga uppi á vegg þar sem það er sýnilegt öllum. Engin nöfn eiga að vera skráð, það eiga ekki að koma fram persónulegar upplýsingar um einn eða neinn, né sögur sem eru persónugreinanlegar. Þetta er tækifæri fyrir þau til að láta eigin þekkingu og lærdóm ganga til yngri nemenda.

Yfirskriftin sem nemendur eiga að vinna eftir:

- Þegar þið lítið tilbaka og hugsið um allt sem þið hafið lært og vitið núna um mörk, samskipti og sambönd, er eitthvað sem þið hefðuð viljað vita fyrr?
- Hvað finnst ykkur mikilvægt að miðla til yngra fólks til að koma í veg fyrir óheilbrigð sambönd og jafnvel ofbeldi?
- Hvað finnst ykkur mikilvægt að miðla til yngra fólks, í von um að þau eigi góð og heilbrigð sambönd?

Leyfið ungmennunum að skrá og skrifa á eigin hraða, en best er að þau fái að gera þetta yfir ákveðin tíma eða tímabil (t.d. vika) og þannig bæta atriðum hægt og rólega á veggspjaldið, jafnvel í ró og næði, og þegar þeim dettur fleira í hug.

Þegar verkefninu er lokið er hægt að nýta veggspjaldið og skilaboðin á því í umræður, bæði með hópnum sem vann verkefnið, en einnig má miðla þessum punktum til yngra nemenda og skapa umræður með þeim.

Að lokum er hægt að taka myndir af veggspjaldinu og öllum skilaboðunum og deila því á samfélagsmiðla og merkja @sjuk.ast.